



RÍKISENDURSKOÐUN

Bréttartúni 7, 105 Reykjavík IS -Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Forseti Alþingis	3. júní 2020	20050089
Steingrímur J. Sigfússon		11.01
Alþingi		SEP/GJJ
101 Reykjavík		

Efni: Umsögn ríkisendurskoðanda skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 68/2011 um rannsóknarnefndir. vegna 39. máls.

Vísað er til bréfs forseta Alþingis er barst Ríkisendurskoðun 27. maí 2020 þar sem óskað er eftir umsögn ríkisendurskoðanda um tillögu til þingsályktunar sem lögð hefur verið fram á 150. löggjafarþingi, 39. mál. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að gerð verði rannsókn á fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands sbr. ákvæði laga nr. 68/2011 um rannsóknarnefndir. Í bréfi forseta Alþingis kemur fram að þar sem forseta Alþingis er falið að leggja sérstakt mat á hvort önnur rannsóknarúrræði en rannsóknarnefnd séu tiltæk vegna málsins er óskað eftir umsögn um hvort það mál sem þingsályktunartillagan lýtur að falli undir starfssvið ríkisendurskoðanda. Hefur embættið tekið saman svohljóðandi umsögn um málið:

1. Um formhlið málsins

Reynslan hefur sýnt að þegar Alþingi hefur skipað rannsóknarnefnd hefur verið óumdeilt að nauðsynlegt hafi verið að grípa til slíks úrræðis. Með öðrum orðum þá hefur rannsóknarnefnd sem falið er að gera ítarlega athugun á tilteknu máli, mikið og alvarlegt yfirbragð. Fáar rannsóknarnefndir hafa verið skipaðar og flestar þeirra eiga það sameiginlegt að hafa verið falið að rannsaka ákveðna þætti í falli íslensku bankanna haustið 2008 og þá samfélagslegu og efnahagslegu kollsteypu sem varð á íslensku þjóðlífi vegna þess. Þegar rannsóknarnefnd hefur lokið störfum hefur kynning á niðurstöðum vakið athygli og skapað umræður í samfélaginu.

Af þessu má því ráða að tillaga um skipan rannsóknarnefndar hefur mikla þýðingu pólitískt séð, er þýðingarmikil í fréttum og hver svo sem niðurstaða rannsóknarinnar verður mun hún vekja umræður og jafnvel nýjar spurningar.

Skýrslubeiðni sem lögð er fram á grundvelli 17. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, hefur á hinn bóginn allt annað yfirbragð og aðra pólitíska þýðingu heldur skipan rannsóknarnefndar. Þannig vekur tillagan um rannsóknarnefnd mun meiri athygli heldur en að Ríkisendurskoðun framkvæmi afmarkaða úttekt hvort heldur það væri stjórnsýsluúttekt eða úttekt á fjárhagsstöðu tiltekinnar stofnunar.

Þegar af þeim ástæðum sem fyrr er lýst má vera ljóst að flutningsmenn að 39. þingmáli munu tæplega sætta sig við að málinu verði breytt í svo miklum grundvallaratriðum að í stað rannsóknarnefndar komi eftirlitsstofnun að málinu þar sem téð mál verði eitt af mörgum sem slík stofnun afgreiðir.

2. Starfssvið ríkisendurskoðanda

Þrátt fyrir niðurstöðuna í lið 1 hér að framan, er allt að einu ástæða til að velta fyrir sér hvort málið falli undir að vera verkefni sem Ríkisendurskoðun gæti tekið að sér, svipað og ef tillaga um slíkt væri flutt af níu þingmönnum, svo sem heimild er til í 2. másl. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 46/2016.

Hlutverk ríkisendurskoðanda skv. lögum nr. 46/2016 er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með fjárreiðum stofnana ríkisins og ríkisfyrirtækja á þann hátt sem lögin greina. Þá skal hann í störfum sínum hafa eftirlit með tekjum ríkisins og að fjárheimildir og hvers konar verðmæti séu nýtt og þeim ráðstafað á hagkvæman og réttmætan hátt í samræmi við forsendur og ákvarðanir Alþingis.


Starfssvið ríkisendurskoðanda er skilgreint nánar í 4. gr. laganna og af þeirri upptalningu er ljóst að það tekur til endurskoðunar ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila og ýmiss konar eftirlits s.s. með starfsemi og árangri ríkisaðila tekjum ríkisins og með samningum sem ríkið gerir við sveitarfélög og einkaaðila. Starfssviðið tengist þannig beint eða óbeint fjárfestingarnefnd Alþingis og eftirliti þess með fjárreiðum ríkisins og er útfært nánar í 5., 6. og 6. gr. a í tilvitnuðum lögum.

Í tillögunni sem hér er til umfjöllunar kemur fram sú skoðun flutningsmanna að fela eigi sérstakri rannsóknarnefnd að rannsaka fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands þar sem einstaklingum og lögaðilum var gefinn kostur á að flytja erlent fjármagn til Íslands og skipta í íslenskar krónur á hagstæðara gengi en ella hefði verið. Enn fremur kemur fram að verði rannsóknarnefndin skipuð eigi hún m.a. að gera grein fyrir fjármagninu sem flutt var til landsins með fjárfestingarleiðinni, hvaðan fjármagnið kom, hvaða einstaklingar eða lögaðilar voru skráðir fyrir fjármagninu, hvaða fjárfestingar hafi verið gerðar með fjármagninu, hvort ríkissjóður hafi orðið af skatttekjum, og hvort brotið hafi verið gegn lögum um peningaþvætti.

Þannig er meginefni þess sem rannsóknarnefndinni er ætlað að rannsaka ekki beint að fjárreiðum einstakra ríkisaðila sbr. 5. gr. laga nr. 46/2016 eða eftirliti með frammistöðu og árangri ríkisaðila sbr. 6. gr. laganna. Jafnframt beinist hluti þess sem rannsaka á að því að upplýsa um möguleg brot einstaklinga eða lögaðila á skattalögum og/eða lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Slík rannsókn fellur utan við starfssvið ríkisendurskoðanda. Aðeins eitt atriði í beiðninni gæti fallið að starfsskyldum ríkisendurskoðanda sem er mat á frammistöðu Seðlabanka Íslands í samræmi við 6. gr. laga nr. 46/2016 við samningagerð og annað tengdu gjaldeyrisútboðum.

Með vísan til framangreinds er það álit ríkisendurskoðanda að starfssvið embættisins eins og það er skilgreint í II. kafla laganna nái ekki til þeirrar rannsóknar sem mælt er fyrir um í 39. máli hvort sem horft er heildstætt á lög nr. 46/2016 eða þröngt á heimildir ríkisendurskoðanda samkvæmt 5., 6. og 6. gr. a laganna. Verður þannig ekki séð að lagaskilyrði séu til þess að embættið geti komið í stað rannsóknarnefndar í þessu tilfelli.

Virðingarfyllt,



Steinn Eggert Þorsteinsson
Ráðgjafi